

Spurning	Svar
Er á plani að malbika veg yfir öxi?	Já, það er eitt helsta baráttumál sveitarfélaganna og liggja fyrir hugmyndir um heilsársveg um Öxi í tillögu að Samgönguáælan.
Eru einhverjar hugmyndir um háskóla í nýju sveitarfélagi?	Unnið er að því að koma á virkri háskólastarfsemi á svæðinu og lögð áhersla á opnun útibús frá Háskólanum á Akureyri.
Hvernig verður málum ungmennaráða háttað?	Ungmennaráð verður áfram starfandi og eitt af notendaráðum sveitarfélagsins. Ekki hefur verið endanlega útfært hvort það verði eitt ungmennaráð með tengingar við Heimastjórnir, eða hvort það verði ungmennaráð á hverjum stað.
Hvernig á að tryggja það að hvert sveitafélag eigi rödd á jöfnum grundvelli í sameinaðri sveitastjórn?	Heimastjórnir eru tilraun til að koma til móts við þær áhyggjur að íbúar fámennari kjarna eða svæða upplifi minni áhrif. Í hverri heimastjórn sitja tveir fulltrúar kjörnir beinni kosningu af íbúum viðkomandi svæðis, auk eins fulltrúa úr sveitarstjórninni. Sveitarstjórnarfulltrúinn getur verið fulltrúi af viðkomandi svæði, en það er ekki skilyrði. Á þann hátt er tryggt að hver heimastjórn á greiðan aðgang að sveitarstjórninni.
Væri ekki hægt að segja að sá sem fær flest atkvæði í heimastjórn fari líka í sveitastjórn, eða þá að kosið sé til sveitarstjórnar eftir "kjördæmum"?	Samstarfsnefndin velti upp þeim möguleika, sem þú bendir á, að kjósa einn fulltrúa í sveitarstjórn beinni kosningu á hverju svæði. Það er ekki hægt að óbreyttum lögum um kosningar til sveitarstjórna.
Þegar sveitarfélögin verða væntanlega að einu strax 2020, er þá gert ráð fyrir að kjósa strax til nýrrar sveitarstjórnar eða frestast það til kosninga 2022?	Ef sameining verður samþykkt, er gert ráð fyrir að kosið verði til nýrrar sveitarstjórnar sem sitji út kjörtímabilið. Kosið verði að nýju við reglubundnar sveitarstjórnarkosningar í maí 2022.
Hvers vegna er verið að kjósa á miðju kjörtímabili í stað þess kjósa í lok þessa kjörtímabils?	Það er gert til þess að ný sveitarstjórn hafi skýrt umboð til að taka ákvarðanir. Hin leiðin er að öll sveitarfélögin starfi áfram fram að kosningum 2022, en þá verður ákvarðanataka mjög þung. Það þarf t.d. að fá heimildir allra sveitarfélaganna fyrir stærri ákvörðunum.
Eru ákvarðanir heimastjórna í þeim málum sem þær fjalla um fullnaðarafgreiðsla?	Lagt er upp með að Heimastjórnir fari allavega með fullnaðarafgreiðslu deiliskipulagstillagna.
Verða áhaldahús í öllum kjörnunum?	Lagt er upp með að grunnþjónusta verði á hverjum stað, áhaldahús eru örugglega slík þjónusta.
Getur aðili sem verður í kjöri fyrir heimastjórn heima fyrir einnig verið í kjöri til sveitarstjórnar?	Já, það er hægt.
Nýtt sveitarfélag fær bara 1 fulltrúa inn í SSA, hvernig mun 1 einstaklingur geta tryggt hagsmuni allra kjarna með svipuðum mætti og 4 gera í dag? Og verða þá bara 4 fulltrúar í SSA allt í allt?	Það er óútfært hvernig atkvæðavægi yrði innan SSA ef til sameiningar kemur. Stóru sveitarfélögin tvö hljóta að vilja gera breytingar á atkvæðavægi og fjölda fulltrúa, ef sameining verður samþykkt.
Hvað með hafnarstjórn? Hvernig verður þeim málum háttað?	Að líkindum verða verkefni hafna hluti af verkefnum Umhverfissviðs, með tengingu við Heimastjórnir á hverjum stað.
Mun þetta nýja sveitarfélag innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Ný sveitarstjórn tekur ákvörðun um það ef sameining verður samþykkt.

Í allar sínar stefnur? Hvernig verðum við kolefnishlutlaus?	
Hvernig mun sveitarfélagið beita sér fyrir því að fá „milli hópinn“ heim? Fólk á aldrinum 20-50 ára.	Ný sveitarstjórn verður að setja niður skýra stefnu, en öflugt framhalds-og háskólanám, nýsköpun og þróun í atvinnulífinu hljóta að vera þættir í þeirri viðleitni
Mun sameining tryggja að göngin komi fljótlega undir Fjarðarheiði og vegur yfir Öxi?	Fjarðarheiðargögn eru eitt helsta baráttumál svæðisins og hefur náðst þónokkur árangur við að koma verkefninu á dagskrá. Nú er krafan að Fjarðarheiðargögn verði hönnuð á næstu tveimur árum. Framkvæmdatími er um 7 ár eftir að hönnun liggur fyrir. Vonir standa til þess að framkvæmdir við Öxi verði boðnar út á næsta ári.
Fasteignagjöld, verða þau óbreytt eða verður flatt gjald þvert yfir hið nýja sveitarfélag?	Fasteignaskattar verða samræmdir. Önnur fasteignagjöld gætu orðið mismunandi eftir því hvernig þjónusta er háttað.
Mun fólk í sveitarstjórn og nefndum fá greitt betur fyrir vinnu sína en raunin er í dag?	Lagt er upp með að kjörnum fulltrúum fækki og vinnuálag aukist. Samhliða er gert ráð fyrir að laun hækki og þeim sem koma um langan veg verði sérstaklega umbunað
Óttast menn ekki að drifkraftur fólks á minni stöðunum minnki. Hvernig á að passa upp á það?	Heimastjórnirnar eru leiðin til að tryggja að heimamenn geti komið hugmyndum í verk á sama hátt og áður.
Kemur til greina að aðsetur stjórnsýslunnar verð annars staðar en á Fljótaldalshéraði. Til að mynda á Seyðisfirði ?	Ný sveitarstjórn tekur ákvörðun um staðsetningu stjórnsýslunnar. Í öðrum sameinuðum sveitarfélögum hefur stjórnsýslu stundum verið dreift á fleiri en einn stað.
Er ekki hægt að hugsa sér fleiri en eina heimastjórn þar sem nú er Fljótaldalshérað?	Það var rætt í samstarfsnefndinni. Þessi fjögur sveitarfélög voru 16 upphaflega. Niðurstaðan var að leggja upp með þessar fjórar heimastjórnir, hvað svo sem framtíðin ber í skauti sér.
Hvaða áhrif mun sameining hafa á ríkisstyrki til að mynda menningarmála?	Nýja sveitarfélagið tekur við öllum samningum og skuldbindingum eldri sveitarfélaganna. Vonir standa til þess að nýja sveitarfélagið hafi meira bolmagn til að sækja á um aukin framlög.
Hvað gerist ef ekki verður sameinað?	Þá starfa sveitarfélögin fjögur áfram á sama hátt og áður. Stefna sveitarstjórnarráðherra um lágmarksíbúatölu gæti leitt til þess að sveitarfélögin þurfi að sameinast innan fárra ára.
Verður sama þjónustustig í öllum byggðakjörnum nýs sveitarfélags ?	Þjónustustig verður líklega ekki það sama á öllum stöðum á öllum sviðum. Opnunartími íþróttamiðstöðva verður kannski mismunandi svo dæmi sé tekið. Þá þykir eðlilegt að gjaldskrár taki mið af þjónustustigi.
Hvernig á að útfæra það að allir íbúar geti notið ævikvöldsins í sinni heimabyggð?	Það hefur ekki verið útfært nákvæmlega, en ljóst er að íbúasamsetning sveitarfélaganna er þannig að þjónusta við eldri borgara er vaxandi verkefni.
Hversu mörg stöðugildi verða á Djúpavogi á skrifstofum sveitarfélagsins?	Það er erfitt að fullyrða um það, en í nefndinni hefur verið rætt að mikilvægt sé að vinnustaðirnir verði raunverulegir vinnustaðir. Ekki einmenningsstöðvar.
Hvernig verða almenningsamgöngur á milli byggðakjarna ?	Almenningsamgöngur eru skipulagðar á svæðisvísu um allt Austurland. Í tillögunum er áhersla lögð á tryggja samgöngur milli staða.
Hvaða stöðu munu sveitarfélögin hafa ef sameining yrði felld og lög yrðu jafnframt sett eins og til stendur	Ef stefnumörkun sveitarstjórnarráðherra verður samþykkt, þá er líklegt að íbúar Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar þurfi að taka afstöðu til sameiningu að

um lögbvingaða sameiningu eftir 7 ár. Tapast ekki samningsstaða minni sveitarfélaganna?	nýju á næstu árum. Varðandi samningsstöðu, þá er yfirleitt betra að fara inn í samninga með sterka stöðu en veika
Hver mun skuldastaða á hvern íbúa á Djúpavogi verða eftir sameiningu miðað við það hver staðan er í dag?	Skuldastaða á hvern íbúa á Djúpavogi er um 900 þúsund í dag. Í sameinaða sveitarfélaginu yrðu skuldir um 2 milljónir kr. Í kynningarefninu er bent á að fyrirliggjandi eru viðhalds- og framkvæmdaþarfir á Djúpavogi sem muni að óbreyttu breyta skuldastöðunni þannig að hún verði sambærileg og í sameinuðu sveitarfélagi.
Er tryggt að það komi að lágmarki einn í nýja sveitastjórn frá hverjum kjarna	Það er ekki tryggt. Framboðslistar reyna yfirleitt að fá fulltrúa frá öllum kjörnum á listana, en óvíst er um hvort það verði fulltrúi frá hverjum kjarna.
Ef af sameiningu verður, mun Djúpivogur ekki missa cittaslow stimpilinn	Nei, það er vel hægt að vera með Cittaslow vottun fyrir hluta sveitarfélags.
Hver verður staða íþróttafélaga og stjórnsýslu kringum þau ef að sameiningu verður?	Sameining hefur ekki áhrif á stöðu íþróttafélaga. Í stjórnsýslu íþróttamála ætti að skapast svigrúm til meiri sérhæfingar, þannig að starfsmenn geti helgað sig íþrótt- og frístundamálum en sinni ekki mörgum öðrum verkefnum að auki
Verður gert ráð fyrir því að nemendur á framhaldsskólastigi geti stundað nám í sínum heimabæ?	Rekstur framhaldsskóla er á vegum ríkisins, þannig að sveitarfélögin geta ekki sagt til um það.
Eru líkur á því að samgöngur verði bættar Öxi og göng er eitthvað fast í hendi með það?	Það eru auknar líkur á því, en það er ekkert fast í hendi fyrr en fjárlög eru samþykkt
Ef það verður sameinað, er hægt að taka það til baka eftir einhvern tíma	Það eru ekki ákvæði í sveitarstjórnarlögum um að skipta sveitarfélögum upp. Það hefur þó verið gert og þá með sérlögum. Það hefur þó ekki verið stefna Alþingis undanfarna áratugi. Egilsstaðir eru dæmi um sveitarfélag sem var skipt út úr öðrum hreppum um miðja síðustu öld.
Hafnir eru lífæð þriggja af fjórum þessara sveitarfélaga. Þarf sá málaflokkur ekki sér nefnd eða í það minnsta meira utanumhald en að vera hliðarverkefni umhverfisnefndar	Stjórnsýsla hafnanna er ekki endanlega útfærð, en uppleggið er að verkefnið verði hluti af starfsemi Umhverfisráðs með tengingu við Heimastjórnir
Á hvaða sviðum verða þau störf hjá sveitarfélaginu sem verða án staðsetningar?	Því er ekki hægt að svara á þessari stundu, það ræðst af ákvörðunum nýrrar sveitarstjórnar
Hvað verður gert til að tryggja fyrirhugaðar heimastjórnir og tilvist þeirra til lengri tíma. Verður gerður samningur eða getur nú sveitarstjórn breytt því fyrirhafnarlaust ?	Heimastjórnarhugmyndin byggir á tilraunaákvæði í sveitarstjórnarlögum, sem gerir það að verkum að sveitarstjórn er skuldbundin til að fylgja því í að minnsta kosti átta ár.
Verður Fjarðarbyggð með hærri tekjur en nýtt sveitarfélag	Fjarðarbyggð er eitt af tekjuhærri sveitarfélögum landsins. Miðað við núverandi atvinnulíf og íbúasamsetningu verður Fjarðarbyggð að líkindum með hærri tekjur en sameinaða sveitarfélagið.
Gjaldskrár verða samræmdar eftir því sem við á. En styrkjakerfi vegna t.d ungmennastarfs, íþróttastarf,	Styrkir til félagasamtaka ráðast að vissu leyti af því hlutverki og verkefnum sem félagasamtökin taka að sér. Styrkir munu taka mið af því, frekar en að hægt sé að segja að þeir verði samræmdir.

menningarstarfs og til annara samtaka eða félaga í sjálfboðastarfi?	
Verður einhver ákveðin stefna hjá sveitarstjórn um að störfum verði dreift út til jaðarbyggða ?	Samstarfsnefndin leggur til að það verði starfsstöðvar á hverjum stað. Að auki er stefnt að því að einhver störf geti verið án staðsetningar, þannig að starfsmaðurinn velji sjálfur hvar hann sinnir starfinu
Hvaða rétt eiga sitjandi sveitastjórnir til fjárfestinga eftir samþykkt á sameiningu?	Í 121. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um þennan þátt. Hafi tillaga um sameiningu hlotið samþykki er sveitarstjórnnum viðkomandi sveitarfélaga óheimilt að skuldbinda sveitarfélag eða samþykkja greiðslur úr sveitarsjóði sem ekki leiðir af lögum, fjárhagsáætlun eða þegar samþykktum viðauka við hana nema allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir samþykki slíka ráðstöfun.
Hversu mörg prósent atkvæða til næstu sveitarstjórnar munu koma frá Fljótsdalshéraði?	Kjósendur á Fljótsdalshéraði eru um 70% af kjósendum á kjörskrá sveitarfélaganna fjögurra. Kjósendur á Egilsstöðum eru um 40% af kjósendum á kjörskrá.
Gjaldskrá hafnar. Er reiknað með að heimastjórn ákvarði hafnar,vigtar og vogar gjöld. ákvörðun á opnunartíma hafnarvogar hvar lægi það.	Það er nýrrar sveitarstjórnar að ákveða, en uppleggið er að Heimastjórnir fjalli um staðbundnar gjaldskrár og opnunartíma. Það eigi líka við um hafnir.
Á hvern hátt skal tryggja að Fjarðarborg verði áfram í fullum yfirráðum Borgfirðinga.	Lagt er til að umsjón félagsheimila sé á hendi Heimastjórna.
Yrði rekstri á leiksólanum á Borgarfirði haldið áfram? (Fyrir eitt barn eins og staðan er núna)	Uppleggið er að leik-og grunnskólar verði á hverjum stað. Meðan það eru börn í skólunum, þá verða þeir að líkindum reknir áfram.
þarf örugglega að fara með leikskólagjöld og skólamáltíðir upp í það sem er í hinum kjörnunum?	Það er nýrrar sveitarstjórnar að ákveða. Ef þjónustustig er mismunandi, eða sérstakar aðstæður uppi, þá getur sveitarstjórn ákveðið að gjaldskrár séu mismunandi
Nú má vænta gífurlegs álags á sveitarstjórnarfólki og stjórnslu frá 2020 til 2022 gangi þetta í gegn. Hafið þið engar áhyggjur af því?	Samstarfsnefndin er meðvituð um að það eru stór og mikil verkefni framundan ef sameining verður samþykkt. Með góðu skipulagi og samstarfi við starfsfólk mun það ganga vel.
Hvert verður hlutverk núverandi sveitarstjórna eftir kosninguna í okt. og fram að kosningu í apríl 2020?	Sveitarstjórnir halda áfram að reka sveitarfélögin fram að því að sameining tekur gildi, verði hún samþykkt.